

hugsun virðist oft vera ofan á, að ekki sé það hættulegt, þó brotið sé í smá-atriðum á móti lögnum. Það geri ekkert til. Það sé smámunir einir. Því er þá gleint, að eins og hús veikist, þótt ekki komi néma lítið los á binding þess, eins veikist virðingin fyrir lögum og hlýðni við þau, þegar leyft er að brjóta á móti þeim, þótt ekki sé nema í smá-atriðum.

En svo er ekki æfinlega að eins um smá-atriði að ræða, þegar til óhlýðninnar kemur. Margur heldur, að saklaust sé að brjóta á móti lögum, ef hann hefir hag af því, og engin hætta sé á því fyrir hann — ef honum annaðhvort tekst að koma því svo fyrir, að hann verði aldrei uppvís að því að hafa brotið eða komist á bak við lögin, eða þá hann veit, að lögnum sé ekki stranglega framfylgt, eða að honum leyfist það, sem öðrum ekki leyfist.

Þegar eins stendur á, verður hlýðnis-skyldan ekki framar *heilög* skylda, heldur að eins skylda, sem fer eftir því, hvernig á stendur í það og það skiftið — hvort sá, sem hlýða á, hefur hag eða óhag, þægindi eða óþægindi, af því að hlýða. En þegar hagur manns og þægindi skipa öndvegi í stað hlýðnis-skyldunnar, þá hefur óstjórnin sest við stýrið.

Augljóst ætti öllum það að vera, hve afar nauðsynlegt sé að innræta börnunum og unglungunum hlýðnis-skyldu við lögin; að á því ríði, að koma inn hjá þeim tilfinning fyrir helgi laganna og ágæti þeirra, og að þau sé ekki neitt ófrelsis-haft, heldr lögleysið—það sé til ills. Það eyði en byggi ekki.

(Meira.)

VERID HLÝDIN!

Börnin góð! Frelsarinn er fullkominn fyrirmund, af því hann lifði heilögu lífi. Í honum finnum við allar þær dygðir, sem við ættum að kappkosta að esla hjá okkur. Við ættum þá að reyna að feta í hans fótspor að svo miklu leytí sem við getum, elska eins og hann elskar, biðja eins og hann bað, vera hógvær og lítillát eins og hann var hógvær og lítillátur, og taka þátt